## 533. Nefndarálit

um frv. til laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefir gengið gegn um hv. Ed. og er stj.frv. Í Ed. var að eins gerð ein efnisbreyting á frv. og gekk hún í þá átt að heimila ekki að eins forstjóra áfengisverslunar ríkisins innflutning og útflutning á ópíum og öðrum þeim efnum, sem frv. ræðir um, heldur einnig lyfsölum.

Nefndin hefir athugað frv. og álítur, að lög um þetta efni geti komið að gagni. Br.till. sjer hún ekki ástæðu til að gera, og leggur því til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1923.

Jón Þorláksson, form. — Magnús Jónsson, ritari. — Magnús Guðmundsson, framsögum.

Björn Hallsson. — Gunnar Sigurðsson.